

SMÆLINGJAR.

Fimm sögur, eftir Einar Hjörleifsson.
Svo, 130 bls. Winnipeg, 1908. Kostnað-
armaður: Ólafur S. Þorgeirsson.

Bók þessi er nýútkomin í vönduðum frágangi og góðu bandi. Hefir útgefandinn sent „Heimi“ eitt eintak hennar, og kunnum vér honum góðar þakkir fyrir.

Fjórar þessar sögur hafa áður komið út í tímaritunum að heiman, og fylla þær fyrri helming bókarinnar, en síðasta sagan sem miklu er lengst, er nú gefin út í fyrsta sinn. „Vitlausu Gunna“ heitir þessi saga. Efni hennar er hið sama og felst í þessari vísu Hannesar Hafsteins:

„Það var það gamla, að gestur kom
að garði þar og beina hlaut.

Hann tryggðum hét og trúnað fékk,
en tældi snót, og fór á braut.“ — — —

— til Ameríku.

Sagan er sögð frásegjanda af vinkonu Guðrúnar, gamalli konu, heldur fákunnandi í vísindum þessa heims, en ótrúlega er henni látið takast upp, með mannlýsingar og heimspekislegar sennur út af lífinu.

Þó vefur höfundurinn inn í aðalþráð sögunnar, efni, sem ótítt er í íslenskum skáldskap, — trúarlífs baráttuna. Guðrún berst á milli vonar og ótta um tilveru og eiginlegleika guðs, fram undir andlátið. En þó sannfærast hún um algæzku guðs, og þegar hann sviptir menn öllum fögnuði og ánægju, þá sé það til þess, að þeir öðlist enn meiri fögnuð, — dauðafriðinn. Um háleiti þeirrar trúar, — sé það skoðun höfundarins, eða aðeins trú Vitlausu Gunnu, sem líkara er, — er fátt að segja. En upp gefinn hlýtur sá að vera er tekur þeirri trúarsátt við tilveruna.

Sagan „Fyrirgefning“ er óeðlilegasta og um leið fáfengi-
legasta sagan. Hún á að vera rituð á hversdagsmáli þeirra óupplýstu og er óspart tekið til fornafnanna, er víða er svo hnoðað inn í setningarnar að maður furðar sig á því hvort ekki hafi þau í ógáti ofskrifast hjá höfundinum. Til dæmis:

„Hún Ólöf hafði sagt henni það svo oft, henni Siggú litlu,